

### **3. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2012-2013

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 16. október kl. 16:30. Mætt: Friðrik Sigurðsson, Hjálmar Bogi Hafliðason, Margrét Bjarnadóttir, og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Þá sat starfsmaður félagsins, Ari Páll Pálsson fundinn undir liðum 1. til 3.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

#### **1. Drög að starfsáætlun 2013 – form & innihald**

Farið yfir drög að starfsáætlun sem leggur samþykktir félagsins, stefnumótun þess frá 2010 og samstarfssamninga við Byggðastofnun og sveitarfélögin á starfssvæðinu til grundvallar.

Stjórn samþykkir þá nálgun og forsendur sem starfsáætlunin byggir á og felur framkvæmdastjóra að vinna frekari útfærslu að verkefnalista ársins og senda á stjórn fyrir næsta fund. Stefnt er að afgreiðslu starfsáætlunar samhliða rekstraráætlun ársins á næsta fundi stjórnar.

#### **2. Tillaga að landsskipulagsstefnu – ósk um umsögn**

Fyrir liggur erindi frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er umsagnar félagsins vegna tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024 en umsagnarfrestur er til 20. nóvember nk.

Framkvæmdastjóra falið að gera drög að umsögn í samráði við sveitarfélögin á starfssvæðinu og senda stjórnarmönnum.

#### **3. Aðkoma félagsins að IPA umsóknum**

Framkvæmdastjóri og starfsmaður félagsins gerðu grein fyrir verkefnishugmyndum sem verið er að vinna að vegna umsókna um svokallaða IPA styrki en umsóknarfrestur er til 30. nóv. nk. Um er að ræða 4 – 5 verkefni sem félagið mun hugsanlega hafa einhverja aðkomu að. Við val verkefna er verið að horfa til þess að um sé að ræða verkefni sem félagið er þegar að sinna og/eða myndi koma með að sinna hvort sem að af IPA stuðningi yrði eða ekki.

Þær verkefnishugmyndir sem um er að ræða eru eftirfarandi:

- Efling ræktunar, eldis og úrvinnslu hreinna matvæla með beitingu nýrra aðferða bæði við framleiðslu og úrvinnslu þar sem jarðhiti er nýttur – RIGHT.
- Vöruþróun og markaðssetning Norðurlands sem áfangastaðar fyri erlenda ferðamen í beinu millilandaflugi – AIR 66.
- Þróun fjölkjarna þjónustumiðstöðva í dreifbýli til eflingar almannaþjónustu (e. services of general interest) – RICE.
- Skilgreining og þróun stuðningskerfis til þróunar upplifunarferðaþjónustu – EXP.
- Efling og þróun verk- og tæknináms á framhalds- og háskólastigi en einnig á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu til að svara eftirspurn á svæðinu en einnig á landsvísu.



AP-12/13-3

#### **4. Önnur mál**

Ákveðið að stefna að næsta stjórnarfundum þriðjudaginn 4. des. kl. 13:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:40